

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. júlí 2023

**EFNI:** Viðbrögð Framkvæmdaaðila við umsögn Minjastofnunar (MÍ202307-0117/6.07/K.M.)

Vísað er til tölvupósts Skipulagsstofnunar dags. 31.07.2023 þar sem stofnunin beinir því til framkvæmdaaðila að bregðast við síðbúinni umsögn Minjastofnunar. Hér fylgja viðbrögð framkvæmdaaðila, Rauðukamba ehf.

**Umhverfismat.** Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að framkvæmdin hafi áður farið í mat á umhverfisáhrifum. Rétt er að leiðrétta að matsskyldufyrirspurn vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar fór fram árið 2019 þar sem niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Minjastofnun telur að þær breytingar sem orðið hafa á fyrirhuguðum framkvæmdum í Reykholti frá því stofnunin veitti umsögn um fyrirspurn um matsskyldu árið 2019 hafi ekki augin áhrif á fornleifar á svæðinu og telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaaðili tekur heils hugar undir með Minjastofnun.

**Samráð.** Í umsögn Minjastofnunar segir að á undanförunum árum hafi náðst góð samvinna milli aðstandenda framkvæmda við Rauðukamba og minjavarðar Suðurlands m.a. um mótvægisáðgerðir vegna fornleifa og legu aðkomuvegar. Framkvæmdaaðili tekur undir þetta, samráð hefur verið mjög gott, minjavörður Suðurlands hefur svarað erindum framkvæmdaaðila fljótt og á skýran hátt og framkvæmdaaðili brugðist við þeim athugasemdum sem voru gerðar. Allar leyfisskyldar framkvæmdir á svæðinu hafa hingað til verið bornar undir Minjastofnun og áfram verður virkt samráðsferli við stofnanir út framkvæmda- og byggingartíma Fjallabaðanna.

**Friðlýsing.** Minjastofnun áréttar í umsögn sinni að friðlýsingarmörk landslagsverndarsvæðis og menningarlandslags í Þjórsárdal séu ekki þau sömu og að Selhöfði sé innan friðlýsingarmarka menningarlandslags. Framkvæmdaaðili þakkar þessa ábendingu og mun virða mörk friðlýsts menningarlandslags og gæta að samráði við Minjastofnun í allri vinnu og leyfisskyldum umsóknum innan friðlýsingarmarka menningarlandslagsins. Framkvæmdaaðili vill þó koma því á framfæri að Gestastofa við Selhöfða er ekki hluti af matsskyldufyrirspurn Fjallabaðanna í Reykholti.

**Gestafjöldi og innviðir.** Í umsögn Minjastofnunar segir að gestafjöldi í Þjórsárdal muni aukast á komandi árum og að framundan sé uppbygging innviða til að taka á móti fólki í dalnum. Minjastofnun ítrekar mikilvægi þess að ríkt samráð verði haft við stofnunina um allar framkvæmdir í Þjórsárdal þ.m.t. merkingar, nýbyggingar, vegi og stíga. Framkvæmdaaðili hefur á undanförunum árum átt í miklu og góðu samstarfi um Fjallaböðin í Þjórsárdal við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, bygginga- og skipulagsfulltrúa Uppsveita, Forsætisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun og Minjastofnun. Einnig hefur framkvæmdaaðili ítrekað lýst vilja sínum við yfirvöld að fá að taka þátt í og koma að skipulagningu, útfærslu og uppbyggingu innviða víðar í Þjórsárdal og væntir þess að samtali um framtíð Þjórsárdals verði framhaldið á haustdögum. Framkvæmdaaðili tekur undir með Minjastofnun að nauðsynlegt er að Minjastofnun sé virk í því samtali og mun eftir sem áður gera sitt til að svo megi verða.

Virðingarfyllst f.h. Rauðkamba ehf,

Silja Traustadóttir, arkitekt FAÍ